



UMSÖGN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa sviðsstjóra fjármála- og áhættustýringarsviðs

Efni: Skilmálabreyting á lánsamningi Orkuveitu Reykjavíkur hjá Evrópska fjárfestingarbankanum

Reykjavíkurborg barst erindi frá Orkuveitu Reykjavíkur (OR) þann 16. janúar 2024 þar sem óskað var eftir samþykki fyrir skilmálabreytingu á lánsamningi Evrópska fjárfestingarbankanum (EIB) við OR frá árinu 2016. Beiðnin er svohljóðandi:

Í ljósi þess að USD LIBOR vaxtarviðmið er liðið undir lok þá hefur Evrópski fjárfestingabankinn (EIB) óskað eftir skilmálabreytingu á lánsamning sem var samið um 2016 en ádregið 2018. Skilmálabreyting felur í sér breytingar á vaxtarviðmiðum frá LIBOR yfir í SOFR vaxtarviðmið (Secure Overnight Financing Rate) og varðar skilgreiningar þar að lútandi í samningi ásamt klausu um dráttarvaxtaviðmið (Interest on overdue sums). Dregið var á fyrrgreint lán á föstum USD vöxtum út líftíma lánsins þ.a. skilmálabreyting á ekki við vaxtakjör samnings heldur einungis í tilviki dráttarvaxtagreiðslna.

Fyrrgreind lántaka er sú síðasta sem tekin var með samþykki og ábyrgð eigenda. Vegna eigendaábyrgðar krefst EIB staðfestingar ábyrgðaraðila á breytingum á viðauka láns.

Skilmálabreytingin sem er til umfjöllunar hér eykur ekki áhættu eða ábyrgð Reykjavíkurborgar umfram það sem er í upphaflega lánsamningnum.

Skilmálabreytingin hefur verið samþykkt af forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur.

I. Lánsamningur OR og EIB nr. 85.062

Í desember 2016 undirrituðu OR og EIB lánsamning að fjárhæð 70 m EUR til 15 ára vegna framkvæmda við virkjanir og endurbætur á dreifikerfum fyrir heitt vatn og rafmagn. Heildarfjárfesting verkefnisins er í lánsamningi áætluð 143,7 m EUR. Lánstími er til 15 ára frá 2018 til 2033 lánið er á föstum vöxtum út lánstímann og því snertir þessi skilmálabreyting ekki lánskjörin.

II. Ábyrgðir Reykjavíkurborgar gagnvart OR

Reykjavíkurborg er í ábyrgðum fyrir lántöku OR. Upphæð ábyrgðarinnar var um 49 milljarðar í lok desember 2023 og ábyrgð vegna þessa láns um 9,7 milljarðar.





III. Niðurstaða

Þessi viðauki við lánasamning milli OR og EIB fjallar um nýtt vaxtaviðmið við útreikning dráttarvaxta þar sem ekki er lengur notast við USD Libor. Viðaukinn hefur ekki önnur áhrif á lánskjör OR samkvæmt lánasamningi. Lagt til að erindi Orkuveitu Reykjavíkur um skilmálabreytingu lánsins verði samþykkt.

Breytingin þarfnast staðfestingar borgarstjórnar.

Virðingarfyllst,

Haldóra Káradóttir
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs



Reykjavík